

**Nd.**

**391. Framvarp**

til laga um kosningar i málefnum sveita og kaupstaða.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Samhljóða þskj. 67, með þessum breytingum:

4. gr. hljóðar svo:

Kjörstjórn úrskurðar um kjörgengi til bæjarstjórnar, borgarstjóra (bæjarstjóra) og hreppsnefnda. Skjóta má úrskurði kjörstjórnar til hreppsnefndar í hreppum og bæjarstjórnar í kaupstöðum. Hreppsnefnd og bæjarstjórn úrskurðar, hvort aðili hafi mist kjörgengi eða hvort veita skuli honum lausn eða vikja honum frá starfanum. Skjóta má úrskurði hreppsnefndar til sýslunefndaroddvita og úrskurði bæjarstjórnar til atvinnumálaráðherra.

Sýslunefnd úrskurðar þau atriði, sem í 1. málsg. segir, ef sýslunefndarmaður á hlut að máli.

Ef manni er vikið úr sýslunefnd eða bæjarstjórn, þá getur hann borið málið undir atvinnumálaráðherra.

Úrskurði sýslunefndaroddvita og atvinnumálaráðherra eftir þessari grein má skjóta til dómstólanna.

5. gr. hljóðar svo:

Í kaupstöðum skal bæjarstjórn vera skipuð 6—15 bæjarfulltrúum, er kosnir sjeu til 6 ára í senn. Atvinnumálaráðherra ákveður töluna í hverjum kaupstað samkvæmt tillögum bæjarstjórnar. Helmingur bæjarfulltrúa fer frá á hverjum 3 ára fresti, ef tala þeirra er jöfn, en ef tala þeirra stendur á stöku, fer meiri hlutinn frá hið fyrra skiftið, en minni hlutinn hið síðara.

Nú fer maður úr bæjarstjórn áður en kjörtími hans er liðinn, og skal þá kjósa í stað hans fyrir þann tíma, sem eftir er af kjörtímabili hans.

9. gr. hljóðar svo:

Hverju sinni er kjósa skal hreppsnefndarmenn, bæjarfulltrúa eða borgarstjóra (bæjarstjóra), skal kjósa kjörstjórn. Hreppsnefndaroddviti í hreppum og borgarstjóri (bæjarstjóri) í kaupstöðum er formaður kjörstjórnar. Og auk þess kys hreppsnefnd og bæjarstjórn 2 menn úr sínum flokki í hana. Nú eru nefndarmenn 3, og eru þeir þá sjálfkjörnir. Er kjósa skal borgarstjóra (bæjarstjóra), kys bæjarstjórn formann kjörstjórnar úr flokki bæjarfulltrúa.

Í hreppum skal geta kosningar í hreppsfundarboði. Ef leynileg kosning hefir verið ákveðin, skal hreppsnefnd auglýsa það viku fyrir kjörfund. Í kaupstöðum auglýsir kjörstjórn kjörfund, stað og stund með hæfilegum fyrirvara, í blöðum eða með þeim hætti, er almennar auglýsingar eru þar birtar á staðnum.

1. málsg. 11. gr. hljóðar svo:

Skrá skal á lista nöfn þeirra fulltrúaefna, sem stungið er upp á. Lista skal afhenda oddvita kjörstjórnar eigi síðar en á hádegi 14 dögum á undan kosningu, og skal oddviti gefa vottorð um móttöku listans. Undir hverjum lista skulu vera skráð nöfn meðmælenda, sem ekki sjeu færri en 20, ásamt stöðu þeirra og heimili.

1. málsg. 15. gr. hljóðar svo:

Kosningarathöfn hefur á því, að oddviti skýrir frá, hverjir sjeu í kjörstjórn, hve marga eigi að kjósa í bæjarstjórn og hverja lista hann hafi fengið samkv. 11. gr. Hann sýnir atkvæðakassann, svo að það sjáist, að hann sje tómur, og lokar honum síðan. Án leyfis kjörstjórnar mega ekki vera í kjörstofu með henni aðrir en fulltrúaefni, 2 umboðsmenn fyrir hvern lista, og kjósendur, er koma og fara.

3. málsg. 17. gr. hljóðar svo:

Kjörseðill verður ógildur, ef sýnt þykir, að kjósandi hefir:

1. sett kross við fleiri en einn listabókstaf, eða tölumerkt nöfn á fleiri listum en einum,
2. bætt nafni eða nöfnum við á lista, skrifað nafn sitt á seðilinn, sett á hann strik, rispu eða önnur slík einkenni, er ætla má, að gert sje til þess að gera seðilinn þekkjanlegan.
3. notað annan seðil en kjörstjórn hefir afhent honum.

Upphaf 22. gr. hljóðar svo:

Nú hefir leynileg kosning verið ákveðin samkv. 21. gr., og skal kjörstjórn þá hafa til hæfilega marga kjörseðla, alla jafnstóra, með sama lit, gerða úr strikuðum pappir þannig:

1. málsg. 25. gr. hljóðar svo:

Kjörseðill er ógildur, ef einhver merki hafa verið sett á hann, sem

ætla má, að gert sje til þess að gera seðilinn þekkjanlegan frá hinum seðlun-  
um, eða ef annar seðill er notaður.